

# PERSÓNUVERNDARSTEFNA

## 1 Yfirlýsing um persónuvernd

Íbúðalánasjóður (hér eftir „ÍLS“ eða „sjóðurinn“) tryggir að öll meðferð persónuupplýsinga sé ávallt í samræmi við ákvæði gildandi laga og reglugerða um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Hér má fá upplýsingar um stefnu sjóðsins hvað varðar persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, s.s. söfnun þeirra, varðveislu og öryggi.

ÍLS er umhugað um persónuvernd einstaklinga og er stefna sjóðsins að vinna með eins lítið af persónuupplýsingum og þörf krefur á grundvelli hins lögbundna hlutverks sjóðsins.

## 2 Söfnun og notkun upplýsinga

ÍLS sinnir lögbundnu hlutverki á húsnæðismarkaði og aflar því eða óskar eftir nauðsynlegum persónugreinanlegum upplýsingum vegna viðskipta við aðila og þeirra lögbundnu verkefna sem sjóðurinn fer með.

Sjóðurinn safnar almennt ekki upplýsingum eða notar í öðrum tilgangi en vegna hlutverks hans og þeirra verkefna sem honum eru falin, sbr. lög um húsnæðismál nr. 44/1998, lög um almennar íbúðir nr. 52/2016 og lög um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Persónugreinanlegar upplýsingar geta meðal annars falið í sér nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang. Framangreind upptalning er ekki tæmandi og einungis í dæmaskyni.

ÍLS tryggir það að samþykkis hins skráða sé aflað með fullnægjandi hætti þegar unnið er með persónuupplýsingar á slíkum grundvelli.

Með hliðsjón af starfsemi sjóðsins kann söfnun eða notkun persónuupplýsinga að vera tilkomin á grundvelli lagaskyldu eða lagaheimildar þar um. Auk heldur sem notkun upplýsinganna getur verið til þess fallin að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að efna samning að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður við ÍLS.

Við söfnun persónuupplýsinga veitir sjóðurinn hinum skráða lögbundna fræðslu um vinnslu þeirra og upplýsir hann um tiltekin réttindi sem hinn skráði kann að njóta vegna hennar.

## 3 Skráningargögn heimasíðu

ÍLS safnar upplýsingum sem vafri þinn sendir þegar þú heimsækir heimasíðu sjóðsins („skráningargögn“). Þessi skráningargögn geta falið í sér upplýsingar eins og IP-tölu, tegund vafra, útgáfu vafra, síður þeirrar þjónustu sem þú heimsækir, tíma og dagsetningu heimsóknar og önnur talnagögn.

## 4 Vinnsla þriðja aðila með upplýsingar

Þriðji aðili kann að vinna með persónuupplýsingar sem eru í vörslu sjóðsins á grundvelli þjónustu- eða verktakasamnings. Í þeim tilvikum gengur ÍLS úr skugga um að þjónustuaðili og/eða verktaki fylgi þeim lögum og reglum sem gilda um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga sem og ákvæðum innanhúsreglna ÍLS þar um. Sérstakur vinnslusamningur er gerður við vinnsluaðila sem fara með vinnslu persónuupplýsinga.

Í öðrum tilfellum fer miðlun upplýsinga aðeins fram til að uppfylla lagaskyldu eða fyrirmæli yfirvalda, til að grípa til varna vegna krafna sem settar hafa verið fram og til að gæta hagsmuna sjóðsins, verja eigur hans eða önnur réttindi. Auk þess sem slík miðlun kann að vera í þágu viðskiptamanna, starfsmanna eða í almannabágu.

Miðlun upplýsinga kann jafnframt að fara fram til opinberra aðila á grundvelli lagaskyldu s.s. lögreglu, Fjármálaeftirlitinu eða öðru lögbæru yfirvaldi.

## 5 Öryggi

ÍLS styðst við og vinnur eftir ákveðnu innra verklagi sem samræmist regluverki persónuverndarlöggjafar hér á landi til að leitast við að vernda þær persónuupplýsingar sem sjóðurinn býr yfir á hverjum tíma.

Vegna vinnslu og varðveislu persónuupplýsinga tryggir ÍLS öryggi þeirra með viðeigandi öryggisráðstöfunum, s.s. með ytra öryggi auk skipulagslegra og tæknilegra öryggisráðstafana. Öll vinnsla persónuupplýsinga skal vera í samræmi við hið innra verklag sjóðsins sem kann þó að taka breytingum eftir þörfum.

Öll persónugreinanleg gögn eru varðveitt á aðgangsstýrðu svæði þar sem starfsmönnum er einungis heimilt að vinna með upplýsingarnar krefjist verkefni þeirra þess. Áreiðanleiki gagna skal jafnframt tryggður við vörslu þeirra ásamt tiltækileika þeirra.

ÍLS er öryggisvottaður aðili samkvæmt ISO 27001 vottunarstaðlinum og fer því varðveisla og meðferð gagna samkvæmt þeim kröfum sem staðallinn setur varðandi upplýsingaöryggi.

Með hliðsjón af skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum skal haga kerfum eftir fremsta megni þannig að persónuvernd sé að mestu innbyggð og sjálfgefin.

## 6 Eftirlit

Innan ÍLS er viðhaft virkt eftirlit með mögulegum öryggisfrávikum sem kunna að eiga sér stað í starfsemi sjóðsins, slík atvik eru tilkynningarskyld af hálfu starfsmanna sjóðsins. ÍLS býr yfir öryggis- og viðbragðsáætlun sem ber að grípa til ef grunur er um öryggisfrávik í starfsemi sjóðsins.

Reglulega eru framkvæmdar innri úttektir á starfsemi sjóðsins sem krefst vinnslu persónuupplýsinga.

Ráðast skal án tafar í úrbætur vegna mögulegra öryggisfrávika eða vegna niðurstöðu innri úttektar og skal úrbótum háttað með hliðsjón af niðurstöðum greiningar á því fráviki sem kann að koma upp hverju sinni.

## 7 Varðveisla gagna

Sjóðurinn varðveitir persónuupplýsingar í samræmi við þann lagaáskilnað sem er gerður til opinberra stofnana með hliðsjón af löggjöf um persónuvernd.

ÍLS sem afhendingarskyldur aðili í skilningi laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn, er óheimilt að eyða skjölum úr skjalasafni sínu nema með grisjunarheimild þjóðskjalavarðar. Almennt skulu skjöl afhendingarskylds aðila varðveitt í a.m.k. 30 ár skv. gildandi lögum. Mælt er fyrir um varðveislu gagna með ítarlegri hætti í geymslu- og grisjunaráætlun sjóðsins.

## 8 Breytingar á persónuverndarstefnu

Persónuverndarstefna þessi kann að vera uppfærð eftir þörfum. Við slíka uppfærslu mun ÍLS tilkynna og upplýsa um breytingar með því að birta nýja persónuverndarstefnu á vefssvæðinu *ils.is*. Breytingar á persónuverndarstefnunni skulu taka gildi strax við birtingu hennar á framangreindu vefsvæði.

## 9 Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar á 498. fundi stjórnar, þann 26. júní 2018 og tóku gildi við það tímamark.